



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

Alþingi

Erindi nr. P 128/1559

Reykjavík 3. mars 2003

komudagur 7.3.2003

Til heilbrigiðis- og trygginganefndar
Alþingis
Alþingi við Austurvöll


Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994 og læknalögum, nr. 53/1988.

Mannréttindaskrifstofa Íslands – MRSÍ - leggst eindregið gegn þeim hluta 3. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að komið verði upp persónugreinanlegum lyfjagrunni sem vistaður verði hjá Tryggingastofnun ríkisins. MRSÍ hefur borist til eyrna að til standi að breyta frv. á þann veg að aðeins Landlæknir hafi aðgang að persónugreinanlegum lyfjagrunni. Reynist það rétt fellst MRSÍ á það, að settum mjög ströngum skilyrðum um hvaða ástæður leyfi að leitað sé upplýsinga úr grunninum.

Mannréttindaskrifstofa Íslands er þeirrar skoðunar að tilhneiging sé ríkjandi meðal opinberra aðila hér á landi til að ganga allt of langt í að leyfa söfnun mjög persónulegra og viðkvæmra upplýsinga um fólk, á ýmsum forsendum. Hvað er orðið um virðinguna fyrir friðhelgi einkalífsins þegar frv. eins og það sem hér um ræðir er lagt fram? Þar á (átti?) að safna afar viðkvæmum upplýsingum um alla þá sem neytt hafa lyfja, hvaða nafni sem þau nefnast, vegna örfárna sem misnota heilbrigiðskerfið. Mannréttindaskrifstofan varar eindregið við þessari söfnunaráráttu og vill slá skjaldborg um friðhelgi einstaklinganna og trúnaðarsamband læknis og sjúklunga. Það þarf ekki mikið að gerast til að hægt sé að misnota upplýsingar um fólk, t.d. í þeim tilgangi að útiloka það frá vinnu, mat á tryggingum o.s.frv.

Mannréttindaskrifstofan vill því hvetja alþingismenn til að halda vöku sinni og standa vörð um viðkvæm mannréttindi sem m.a. snúa að rétti einstaklinganna til einkalífs og friðhelgi.

Virðingarfyllt.


Kristín Ástgeirsdóttir